



4. DKG-fundur vetrarins haldinn í grunnskólanum að Laugalandi í Holtum, 13. janúar 2018.

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 11:00

Fundarstaður :Laugalandi í Holtum

Gestgjafi fundarins :Kristín Sigfúsdóttir

1. Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Formaðurinn fór yfir mætingalistann og voru 15 konur mættar.
3. Orð til umhugsunar var á sínum og var í höndum systur okkar Margrétar Guðmundsdóttur. Hún var með hugleiðingu um leiksskólann og hversu mikilvægt starfið er sem þar fer fram. Þá ræddi hún um hversu mikil forréttindi það væri að vinna með litlu krílunum sem fagna henni á hverjum degi. Þá kom hún inn á kjör leiðbeinenda á leiksskólum og hvernig viðhorf almennings er til þessa mikilvæga starfs. Orð hennar vöktu okkur svo sannarlega til umhugsunar.
4. Bókarýni okkar var aðalefni fundarins. Hver og ein systir fékk tækifæri til að benda á bók/bækur sem hún hafði nýlega lesið. Miklar og góðar umræður spunnust um bækurnar og innihald þeirra. Hér verður tæpt á þeim sem nefndar voru á fundinum. **Í skugga drottins** e. Bjarna Harðarson, **Minn tími mun koma** skráð af Páli Valssyni, **Ég er Malala** e. Malala Yousafzai, **Saga Ástu** e. Jón Kalman Stefánsson, **Dalalíf** e. Guðrúnu frá Lundi, **Andartak eilífðar** e. Paul Kalanithi, **Tvíflautan** e. Jón S. Eyjólfsson, **Ekki gleyma mér** e. Kristínu Jóhannsdóttur, **Ævintýri og sögur frá Nýja Íslandi** e. William D. Valgardson, **Elín, ýmislegt** e. Kristínu Eiríksdóttur, **Lífsgleði njóttu** e. Dale Carnegie, **Spámennirnir í Botnleysufirði** e. Kim Leine, **Með lífið að veði** e. Yeonmi Park, **Vertu Ósýnilegur Ishamel** e. Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, **Sakramentið** e. Ólaf Jóhann Ólafsson, **Blóðug jörð** e. Vilborgu Dagbjartsdóttur, **Einu sinni var í austri** e. Xiaolu Guo, **Það sem dvelur í þögninni** e. Ástu K. Ragnarsdóttur, **Ævinlega fyrirgefið (4.bók)** e. Anna B. Ragde, **Undur** e. R.J. Palacio, **Helgi** e. Þorvald Kristinsson, **Ellý** e. Margréti Blöndal, **Eyland** e. Sigríði Hagalín Björnsdóttur, **Flowing River** e. Paulo Caelo, **Kunsten at høre hjerteslag/The art of hearing heartbeat** e. Jan Philipp Sendker, **Kunsten a være den man er,** e. Jan Philipp Sendker, **Ekki vera sár** e. Kristínu Steinsdóttur.
5. Dregið var úr happdrættinu okkar og hlaut Ásgerður Eiríksdóttir vinninginn.
6. Að lokum snæddum við ljúfenga kjúklingasúpu a la Þykkvibær og heimabökuðu brauð Kristínar Sigfúsdóttur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigfríður Sigurgeirsdóttir, ritari